

Reykjavík 30.09. 2024

## Efni: Gæludýrahald í Grímsey – ályktun Fuglaverndar

Vegna umræðu um að leyfa gæludýrahald í Grímsey vill Fuglavernd koma eftirfarandi afstöðu sinni á framfæri:

Fuglastofnar heimsins eiga margir hverjir undir högg að sækja. Um helmingur þeirra er á niðurleið og ein af hverjum átta fuglategundum telst nú í hættu á útrýmingu<sup>1</sup>. Fyrir þessu eru margar orsakir, m.a. eyðing búsvæða, framandi ágengar tegundir, ofveiði og loftlagsbreytingar<sup>1</sup>. Framandi ágengar tegundir, þar með talin gæludýr manna, eru talin hafa átt þátt í útrýmingu nærri helmings þeirra tæplega 200 fuglategunda sem vitað er til að dáið hafi út í heiminum á síðustu rúmlega 500 árum og eru þ.a.l. álitin veruleg ógn við við fugla<sup>1</sup>. Fuglar á úthafseyjum eru sérlega viðkvæmir fyrir framandi ágengum tegundum, þá sérstaklega ferfættum afræningjum líkt og rottum, köttum og hundum, þar sem fuglar eyjanna hafa oft á tíðum þróast án slíkra afræningja og eru því berskjaldaðri en ella<sup>1</sup>. Finna má fjölmörg dæmi um slíkt í heimssögunni, þar sem kettir og aðrir innfluttir ferættir afræningjar hafi átt þátt í útdauða fuglategunda<sup>2</sup>, og hafa áhrif þeirra verið hvað verst á eyjum<sup>3</sup>.

Þó að í Grímsey séu vissulega engir ófleygir fuglar eða viðkvæmar einlendar tegundir líkt og gjarnan má finna á úthafseyjum á suðlægum slóðum þá telst Grímsey engu að síður alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði<sup>4</sup>. Þar er að finna gríðarmikið fuglalíf sem á margan hátt er einstakt á landsvísu. Í Grímsey eru engin ferfætt landrándýr, þ.e. refur, minkur, kettir eða hundar, sem er líklega stór ástæða þess að þar er hár þéttleiki varpugla. Sjófuglar einkenna fuglafánu Grímseyjar og telst eyjan sérstaklega mikilvægur varpstaður fyrir ritu, langvíu, álku og lunda<sup>4</sup>. Þar er einnig að finna mikinn fjölda fýls, stuttnefju og kríu<sup>4</sup>, auk fleiri tegunda. Margar þessara tegunda standa höllum fæti hér á landi en samkvæmt valista Náttúrufræðistofnunar Íslands<sup>5</sup> er lundi

<sup>1</sup> [https://www.birdlife.org/wp-content/uploads/2022/09/SOWB2022\\_EN\\_compressed.pdf](https://www.birdlife.org/wp-content/uploads/2022/09/SOWB2022_EN_compressed.pdf)

<sup>2</sup> <https://dariuszdziebko.wpenginepowered.com/wp-content/uploads/2020/09/Doherty-et-al.-2016-Invasive-predators-and-global-biodiversity-loss.pdf>

<sup>3</sup> <https://dariuszdziebko.wpenginepowered.com/wp-content/uploads/2015/06/Medina-et-al.-2011-Global-review-of-invasive-cat-impacts-on-endangered-vertebrates.pdf>

<sup>4</sup> [https://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_55.pdf](https://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf)

<sup>5</sup> <https://www.ni.is/is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla>

metinn „í bráðri hættu“ (CR), stuttnefja og fyll metin „í hættu“ (EN) og kría, langvía og rita metin „í nokkurri hættu“ (VU). Flestar eiga þessar tegundir það sameiginlegt að hafa lága fjölgunargetu (þ.e. verpa fáum eggjum á ári og verða seint kynþroska) sem gerir þær viðkvæmari fyrir afráni en tegundir sem fjölga sér hraðar og getur leitt til þess að áhrif aukins afráns á egg og unga komi ekki fram fyrir en að einhverjum árum liðnum. Í Grímsey verpa margar ofangreindra fuglategunda í háum þéttleika í miklu návígi við íbúa eyjunnar, þá sérstaklega lundi og kría en einnig rita, fyll og álka, sem gerir þær berskjaldaðri fyrir áhrifum gæludýra manna. Fjöldi mófuglategunda, æðarfugl og fleiri andategundir gera sér einnig hreiður í og við þorpið.

Áhrif gæludýra á fuglalíf í Grímsey geta verið margþætt. Beint afrán, þ.e. dráp á fullorðnum fuglum, ungum eða eggjum, eru sennilega augljósustu áhrifin. Þar væru kettir líklega stórtækastir enda öflug rándýr sem ekki einungis taka egg og unga heldur líka fullorðna fugla<sup>6</sup>. Hundar geta einnig verið skæðir afræningjar á egg og unga en verða að teljast ólíklegir til að ná fullorðnum fuglum. Áhrifin eru þó ekki einungis bundin við beint afrán heldur geta gæludýr einnig haft ýmis óbein áhrif á fuglalíf. Sem dæmi má nefna að það eitt að köttur sjáist í nágrenninu getur framkallað stress og varnarviðbrögð hjá fuglum og haft neikvæð áhrif á fæðuinntöku, líkamsástand og varpárangur fuglanna og gert þá berskjaldaðri fyrir afráni annara dýra<sup>7,8</sup>. Neikvæð fælingaráhrif hunda eru einnig vel þekkt<sup>9,10</sup>, og þá sérstaklega lausra hunda<sup>11</sup>. Að lokum má nefna að gæludýr manna geta keppt við villtar fuglategundir um fæðu eða búsvæði. Nærtækt dæmi um slíkt kemur úr Vestmannaeyjum þar sem kanínur sem sloppið höfðu úr haldi tóku upp bólfestu í lundaholum og útilokuðu þar með lundana frá því að nýta holurnar til varps<sup>12,13</sup>.

Af framangreindu sést að Grímsey er að mörgu leyti einstök hvað varðar þéttleika varpfugla, nábýli þeirra við fólk og viðkvæmni fuglalífsins fyrir afráni og truflun af völdum ferfættra landrándýra, og því eðlilegt að þar gildi aðrar og strangari reglur um gæludýrahald en gengur og gerist annars staðar á landinu.

<sup>6</sup> <https://nsv.is/wp-content/uploads/2022/01/Heimiliskotturinn.pdf>

<sup>7</sup> <https://esajournals.onlinelibrary.wiley.com/doi/abs/10.1002/fee.1633>

<sup>8</sup> <https://besjournals.onlinelibrary.wiley.com/doi/full/10.1111/1365-2664.12025>

<sup>9</sup> <https://royalsocietypublishing.org/doi/pdf/10.1098/rsbl.2007.0374>

<sup>10</sup> <https://www.yourwetlands.org/pdf/A%20Review%20of%20Human%20Disturbance%20Impacts%20on%20Waterbirds.pdf>

<sup>11</sup> <https://link.springer.com/article/10.1023/A:1013195504810>

<sup>12</sup> <https://www.ni.is/is/biota/animalia/chordata/mammalia/lagomorpha/kanina-oryctolagus-cluniculus>

<sup>13</sup> <https://www.visir.is/g/20051736664d>

Vegna þessarar sérstöðu Grímseyjar **mælir Fuglavernd eindregið með því að gæludýrahald verði áfram bannað í Grímsey.** Verði gæludýrahald leyft í eygni í einhverri mynd er gríðarlega mikilvægt að því verði sett ströng skilyrði:

- 1) Mikilvægt er að allt kattahald verði ávallt bannað í eyjunni. Slíkt bann verður líka að ná til innikatta, þar sem þekkt er að þeir geta sloppið út og valdið miklum usla. Dæmi er um að stakur köttur hafi útrýmt heilli tegund fyrir fullt og allt<sup>14</sup> og er ljóst að kettir eiga ekkert erindi í Grímsey.
- 2) Eigi að leyfa hundahald í einhverri mynd er mikilvægt að takmarka það við annað hvort árstíma, þ.e. að hundum verði einungis leyft að koma í heimsókn í eyjuna utan varptíma, eða setja strangar reglur um að hundar séu ávallt í taumi eða innan tryggilega girtra garða.
- 3) Nauðsynlegt er að kanínuhald verði bannað til að fyrirbyggja að upp gæti komið stofn villikanína í eyjunni. Það sama á við um gælurottur og sambærilegar tegundir. Vel er þekkt að kanínur og sum nagdýr, þar á meðal rottur, geta haft verulega neikvæð áhrif á fuglalíf.

Fuglavernd bendir þó á að leyfi til gæludýrahalds, jafnvel þótt það sé takmarkað, býður hættunni heim enda geta slysin auðveldlega orðið, t.d. ef hundur sleppur út úr girðingu eða köttur út um glugga. Þá vaknar einnig spurningin um hver beri ábyrgð á eftirliti og eftirfylgd við reglurnar, og hvaða viðurlög séu við brotum á þeim. Að auki eru líkur á því að verði gæludýrahald leyft með ströngum skilyrðum í Grímsey þá muni með tíð og tíma myndast þrýstingur á að slakað verði enn frekar á þeim skilyrðum. Að lokum er rétt að áréttta mikilvægi þess að ferðafólki sem kemur til eyjunnar að vor- og sumarlagi verði áfram óheimilt að hafa með sér gæludýr þar sem slíkt gæti aukið verulega heildarfjölda gæludýra í eygni á viðkvæmum tíma, auk þess sem ferðafólk með litla tengingu við staðinn þekkir síður inn á fuglalíf eyjunnar og er þar með ólíklegra til að taka tillit til þess en íbúarnir sjálfir.

Virðingarfyllst,  
fyrir hönd stjórnar Fuglaverndar  
Menja von Schmalensee, formaður  
Hólmfríður Arnardóttir, framkvæmdastjóri

---

<sup>14</sup> King, C. M. (1984). Immigrant Killers. Introduced Predators and the Conservation of Birds in New Zealand. Oxford University Press. 224 bls.